LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/906
komudagur 10.12. 2010

Til Efnahags- og skattanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2010

Óskað hefur verið eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 200. mál.

Það ákvæði sem varðar lífeyrissjóðina er að finna í VII. kafla, 16.gr. um að heimilt sé að hefja allt að 5 milljón króna útborgun úr séreignarsparnaði á 12 mánaða tímabili og að útgreiðslutíminn styttist hlutfallslega, ef um lægri fjárhæð er að ræða en 5 milljón kr.

Landssamtök lífeyrissjóða leggjast ekki gegn þessum breytingum á útborgun séreignarsparnaðarins en benda á að eðlilegt sé að heimila rétthöfum að taka út fjárhæðina á lengri tíma en 12 mánuðum til að koma í veg fyrir að mánaðarleg fjárhæð lendi í hærra skattþrepi en ella.

Virðingarfyllst
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA
Hrafn Magnússon

Sætún 1 • 105 Reykjavík • Sími: 563 6450 • Fax: 563 6401 • Netfang: ll@ll.is • Vefslóð: www.ll.is • Kt.: 451099-2069